

Námskeið Leynileikhússins veturinn 2010-11

Kæru foreldrar barna og unglunga í Lágafellsskóla

Frábær leiklistarnámskeið Leynileikhússins að hefjast í Lágafellsskóla.

Leynileikhúsið hefur nú verið starfrækt í sjö ár og nýtur gríðarlegra vinsælda. Eftir hverja önn fáum við bréf frá ánægðum foreldrum sem lýsa því hvernig leiklistarkennslan hafði jákvæð áhrif á barn þeirra. Öryggi og samskiptahæfni aukast á sama tíma og ungu leikararnir hafa gaman af því að leika allt milli himins og jarðar.

Öll leiklistarnámskeið Leynileikhússins byggjast fyrst og fremst upp á mottóinu „GLEÐI“. Þetta þýðir að öll kennsla og sem fer fram í leiklistartímanum er gerð á uppbyggilegan og jákvæðan hátt að hálfu kennara og samnemenda. Með þetta mottó að leiðarljósi fara nemendur í grunnatriði í leiklist með hjálp leikja. Farið er í mikilvæg atriði eins og einbeitingu, gefa skýr skilaboð, hlustun, samvinnu og leiklistarsköpun.

Allir kennarar Leynileikhússins eru fagmenntaðir leikarar og/eða leikstjórar sem hafa góða reynslu af leiklistarkennslu.

Fyrstu 10 vikur námskeiðsins fara fram í skólanum sjálfum og svo ljúkum við námskeiðinu í atvinnuleikhúsi með æfingu og sýningu um mánaðarmótin nóv/des n.k.

Stundataflan fyrir Lágafellsskóla fyrir haustönn 2010:

Lágafellsskóli – þriðjudagar – ATH. NÝR NÁMSKEIÐADAGUR

Hefst 20. september

Kl 13:45-14:45 (2.-3. bekkur)

Kl 15:00-16:00 (4.-5. bekkur)

Kl 16:15-17:15 (6.-8. bekkur)

Athugið að hægt er að skrá nemanda á leiklistarnámskeið Leynileikhússins í öðrum skólum ef þeir dagar henta betur. Sjá heimasíðu okkar fyrir stundaskrá.

Skráning og frekari upplýsingar eru á

<http://www.lagafellsskoli.is/exchweb/bin/redirect.asp?URL=http://www.leynileikhusid.is,info@leynileikhusid.is> og í síma 864-9373.

NÁMSKEIÐAGJÖLD:

Almennt námskeið: kr. 22.900.- /12 tíma námskeið.

15% systkinaafsláttur.

Hægt er að nota tómstundaávísun Mosfellsbæjar fyrir námskeiðagjöldum Leynileikhússins.

FRAMHALDSNÁMSKEIÐ:

Framhaldsnámskeið eru nú á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, í Vesturbæjarskóla um helgar og í Seljaskóla á miðvikudögum. Vinsamlegast sjáið stundaskrá á heimasíðu fyrir frekari upplýsingar. Við miðum við að nemendur á framhaldsnámskeiðum hafi farið á a.m.k. 2 námskeið hjá Leynileikhúsinu eða þeir hafa verið annars staðar í leiklist í a.m.k. ár.

Verð fyrir framhaldsnemendur er kr. 28.900.- / 18 tíma námskeið.

UMBI LEYNILEIKHÚSSINS:

Umboðsmaður leynileikhússins hefur nú sent tugi barna og unglínga í prufur til virtra kvikmyndagerðarmanna og –kvenna vegna auglýsinga, sjónvarpsþátta og kvikmynda. Nokkrir hæfileikaríkir og heppnir krakkar hafa landað hlutverkum sem þegar er byrjað að sýna í sjónvarpi og leikhúsunum og eru væntanleg í bíóhús og í sjónvarp.